



الحقوق اللغوية
DERECHOS LINGÜÍSTICOS
DROITS LINGUISTIQUES
语言权 LINGUISTIC RIGHTS



Universala Esperanto-Asocio, UEA

Alparolo dum la 6-a sesio de

Sérfræðiferli viðvirkjandi tungumálaréttindum frumbyggja

(Expert Mechanism on the Rights of Indigenous Peoples ,EMRIP)

Efni: Rannsókn á leiðum að sanngirni við að efla og verja réttindi frumbyggja

Hús Þjóðanna, Sp, Genf, 8-12 júlí 2013

Herra forseti, herrar og frúr, kæru þátttakendur, komið þið sæl! Toa ó bari! Aloha! Good afternoon! Jó napot kívánok! Здравствуйте!

Ég heiti Stefano Keller og er fulltrúi Þjóðafélags til varnar tungumálaréttindum, nefnilega Alþjóðasambands esperantista. Félagar þess hafa í meira en 125 ár notað esperanto, tungumál sem stuðlar að sanngirni og hlutleysi í samskiptum milli þjóða, þannig að viðmælendur standi jafnfætis.

Viðvirkjandi þema dagsins: rannsókn á því hvernig best er ná fram sanngirni við að styrkja og verja rétt frumbyggja, þá langar mig að kynna lýsandi dæmi um vandamálín sem upp koma þegar lögnum um tungumál er beitt.

Samkvæmt yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja:

Grein 13

1. Frumbyggjar hafa rétt á að endurvekja, nýta, þróa og miðla til nýrra kynslóða sögu sína, tungumál, munnlega geymd, heimspeki sína, ritkerfi og bókmenntir, og mega, kjósi þeir svo, varðveita sérnöfn á sveitarfélögum, stöðum og fólki.
2. Ríkinu ber að tryggja virka vernd þessara réttinda og tryggja frumbyggjar geti skilið og að þeir skiljist í stjórn mála-, dóms- og stjórn sýsluferlum, og að þeir hafi aðgang að tulkum, ef á þarf að halda, eða annarri þjónustu eftir því sem við á.

Því miður er það svo, jafnvel í ríkjum með góða löggjöf um tungumál frumbyggja, að í reynd er tungumálaréttindum áfátt. Í dæminu sem ég kynni er um sænskan borgara að ræða, sem tilheyrir samfélagi samískra frumbyggja. Samkvæmt sænskum tungumálalögum er honum heimilt að nota móðurmál sitt í samskiptum við yfirvöld, í töluðu máli eða rituðu, en í þessu tilfalli voru samskiptin við almannatryggingar. Þessi einstaklingur hafði samband við okkur til þess að greina okkur frá vandræðum sínum við að neyta þess réttar sem honum eru tryggð samkvæmt lögum. Í lok apríl sendi hann skriflegt erindi til þessarar stofnunar á samísku og vildi fá einfalt skjal á samísku til baka. En í stað þess háttar svars við beiðninni, fékk hann um síðir svar þar sem honum var bent á að aðeins tvö tungumál væru viðurkennd í þessum samskiptum : sænska og enska, í trássi við gildandi lög. Og tveimur mánuðum eftir að fyrsta beiðnin var send hafði hann ekki fengið viðeigandi svar frá þessari opinberu stofnun. Þarna er verið að brjóta á tungumálaréttindum í Svíþjóð.

Frumbyggjar þurfa oft að fara langan veg leið og torfarinn áður en þeir fá viðurkennd réttindi, sem eru þó tryggð af lögum ríkisins.

Við erum líklega að nálgast þá sögulegu stund þegar við getum farið að vinna að nýrri mannréttindayfirlýsingu á heimsvísu, sem felur einnig í sér skyldur manna til þess að virða þessi réttindi.

Annað umtalsvert vandamál viðvirkjandi virðingu á tungumálaréttindum lýtur að fundum hinna ýmsu ferla og stofnana Sp. M.a.s. hér á þessum EMRIP-fundi er skjölum dreift hvað eftir annað á fundarstað, og sjá má að hér er tungumálaliðin virt að vettugi eða sinnt eins lítið og framast er unnt.

Flest skjöl sem hér eru borin á borð eða dreift eru einungis á einu tungumáli, ensku. Það er óviðunandi í starfi nefndar sem vill teljast starfa á alheimsvísu. Það tala ekki allir í heiminum bara ensku, og Sp hefur sex opinber tungumál, af þeim 6 þúsund sem töluð eru í heiminum. Þannig að lágmark væri að sýna í það minnsta þeim sem hafa hin opinberu málin fimm að móðurmáli þá lágmarkssangirnir að þau séu virt hér.


Þegar talað er um fjölþjóðlegar stofnanir og samskipti ríkja þá vil ég greina frá fordæmi indónesísku stjórnarinnar, en fulltrúi hennar, hr. Pribadi Sotiono, tilkynnti nýlega á Indónesíska esperantopönginu að Indónesía hygðist hefja esperantokennslu í námi fyrir upprennandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Okkar hreyfing, Alþjóðasamband esperantista, óskar ríkisstjórn Indónesíu hjartanlega til hamingju með þessa frumkvöðuls-ákvörðun.

Notkun esperanto í samskiptum milli þjóða stuðlar að viðhaldi tungumála- og menningarfjölbreytni í heiminum, en vaxandi hrun í þessum efnun hringir viðvörunarþjóllum. Notkun á hlutlausu og fljótlærðu tungumáli eins og esperanto í fjölþjóðlegum samskiptum lýsir virðingu gagnvart öllum þjóðum, tungum og menningu heimsins.

Sangirnir í samskiptum er og þema 98. heimspings esperantista sem fram fer í Reykjavík, Íslandi, í næsta mánuði, með meira en 1000 þátttakendum frá 5 heimsálfum og 55 ríkjum, þar sem sérhver skilur annan án túlka, án erfiðleika því að allir tala esperanto. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin.

Takk fyrir áheyrnina - je vous remercie de votre attention - thank you very much for your attention. Grandan dankon al la interpretistoj. Kaj jen saluto al niaj amikoj, kiuj komunikas gestolingve [saluta gesto]. 10 julio 2013.

Íslenska: [Steinþór Sigurðsson](#)

 <http://www.linguistic-rights.org/sonoj/Declaration-de-l-Association-Universelle-d-Esperanto-UEA-6e-session-Mecanisme-d-Experts-sur-les-Droits-des-Peuples-Autochtones-EMRIP-MEDPA-6-Palais-des-Nations-Geneve-8-12-juillet-2013.mp3> - <http://goo.gl/iTHDW>

**Esperanto 1887-2012:
Jafnræði í samskiptum þjóða í 125 ár**
Inngangsorð í riti Alþjóða esperantosambandsins
"Esperanto í 125 ár"
Rita IZSÁK
óháður sérfræðingur
Sameinuðu þjóðanna um málefni minnihlutahópa
<http://www.linguistic-rights.org/esperanto-125/>



www.uea.org | www.linguistic-rights.org | www.esperanto.net | www.lernu.net